



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 5. febrúar 2025

SFS25010199

MINNISBLAÐ

Vegna beiðni skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflakks Íslands um að setja á dagskrá skóla- og frístundaráðs umræðu um ofbeldis- og eineltisvarnir í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum /frístundaheimilum í Reykjavík

Áhyggjur hafa verið af auknu ofbeldi barna og unglunga í íslensku samfélagi síðustu misseri. Það á við um ofbeldi meðal barna, gegn börnum og ofbeldi sem börn beita starfsfólk í opinberri þjónustu. Það er mikilvægt að öll sem málið varðar taki saman höndum vegna málsins. Það er jákvætt að þessum málaflokki sé sýndur áhugi enda er mikilvægt að ræða hvernig þessi vandi birtist og rýna hvað er vel gert og hvað megi bæta.

Ýmislegt hefur verið gert til að draga úr þessum áhættuþáttum og margt er í bígerð.

Stærsta aðgerðin sem unnið er að í Reykjavík sem og í öðrum sveitarfélögum landsins er að innleiða [lög um sambættingu í þjónustu í þágu farsældar barna](#) sem er mikil stjórnáhrifsbreyting og miðar að því að þjónustukerfin vinni saman með hagsmuni barna að leiðarljósi og í stigskiptri þjónustu, með áherslu á snemmtæka íhlutun.

Þess ber þó að geta að hið almenna starf sveitarfélaganna er það sem hefur öflugasta forvarnagildið fyrir stærsta hluta barna s.s. almennt gæða skóla- og frístundastarf og velferðarþjónusta. Þar er jafnframt lögð áhersla á að aðstoða börn og foreldra þeirra sem þurfa stuðning, bregðast við áföllum og grípa snemma inn í vanda barns. Foreldrasamstarf og samstarf lykilaðila í forvörnum hafa verið einkennandi fyrir forvarnastarf í Reykjavík með góðum árangri. Skóla- og frístundasvið er frá hausti 2024 að leggja aukna áherslu á foreldrasamstarf þar sem búinn er til samstarfsvettvangur fyrir foreldrafélög í leik- og grunnskólum borgarinnar. Búið er að auka fræðslu til foreldra til að styðja þá í foreldrahlutverkinu og skerpa á forvarnargildi og mikilvægi foreldrasamstarfs.

Stefnumótun í málefnum barna sem taka á ofbeldi og öðrum forvarnaþáttum er skýr, þar ber að nefna:



- [Almennar aðgerðir Menntastefnu Reykjavíkur fyrir árin 2025-2027](#) sem samþykktar voru á fundi borgarráðs þann 23. janúar 2025. Þar má finna í heildina 56 aðgerðir sem flokkaðar hafa verið undir áhersluatriðunum *Farsæld og inngilding*, *Læsi í víðum skilningi* og *Stafræn umbreyting*.
- [Forvarnaráætlun barna og ungmenna 2024-2026](#) er hluti af Lýðheilsustefnu Reykjavíkur til 2030. Þar eru tilgreindar 24 aðgerðir er beinast að fjölbreytileika, bættri líðan, aðgerðum sem miða að því að hafna ofbeldi ásamt áherslu á verndandi þætti og jákvæð samskipti.
- [Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025 – 2028](#) var samþykkt í desember 2024 þar sem útlistaðar eru 52 aðgerðir til að draga úr ofbeldi bæði meðal fullorðinna og barna.
- [Gátlisti gegn einelti](#) er leiðbeinandi fyrir þá sem vinna að gerð áætlana gegn einelti á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Hann samræmir áætlun um forvarnir, inngrip og eftirfylgd í eineltismálum í öllum hverfum borgarinnar.

Nú eru starfandi nokkrir hópar sem vinna sérstaklega gegn ofbeldi meðal barna, þar má nefna:

- Starfshópur um Vinsamlegt samfélag
- Forvarnarteymi grunnskólanna (þingsályktun) meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreiti
- Ráðgjafa- og viðbragðsteymi um óæskilega kynferðislega hegðun barna og ungmenna í skóla og frístundastarfi
- Samráðsvettvangur um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi
- Aðgerðarhópur um ofbeldi meðal barna og gegn börnum- skv. erindisbréfi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu
 - Hlutverk hópsins: vinna að heildstæðri innleiðingu á framkvæmd 25 aðgerða, þar eru margir vinnuhópar að störfum

Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á öflugt forvarnastarf og byggist skóla- og frístundastarf að stórum hluta af forvarnavinnu í sínu daglega starfi, sem er fyrirmyndar nálgun til að ná árangri. Einn af grunnþáttum menntastefnu Reykjavíkur er félagsfærni og hafa fjölmörg þróunarverkefni farið í gang sem hafa það að markmiði að efla félagsfærni barna og unglunga. Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Hver og einn starfsstaður hefur þróað verkefni og aðferðir sem hentar þeirra vinnustað en nefna má nokkur miðlæg verkefni sem beinast að efla verndandi þætt í lífi barna og unglunga og draga úr áhættuþáttum:

- Flotinn
- Vettvangsstarf félagsmiðstöðva
- Miðbæjarathvarf





- Sérækt hópastarf
- Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um málefni unglunga
- Verkefnastjóri foreldrasamstarfs
- Aukið samstarf við samfélagslöggæslu
- Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu
- Samanhópurinn
- Forvarnardagurinn

Því til viðbótar má nefna að verið er að taka saman verkefni sem nýtast til að bregðast við ofbeldi og sem nýtast sem fræðsla inn í skóla- og frístundastarf. Samstarfsyfirlýsingu vegna barna í viðkvæmri stöðu er búið að innleiða í þremur af fjórum borgarhlutum. Samfélagslöggæsla hefur verið eflað og er nú með fræðslu um ofbeldi og vopnaburð í grunn- og framhaldsskólum. Greining á hópum og úrræðum fyrir börn og unglunga er í stanslausri endurskoðun og bráðamál, þ.e. brýn, óvænt mál sem upp koma í skóla- og frístundastarfi fara samstundis í vinnslu hjá miðstöðvum, svo sem vegna ofbeldis, áfalla og annars bráðs vanda.

Starfsfólk Reykjavíkurborgar hefur lagt sig fram um að afla sér þekkingar erlendis, sérstaklega á Norðurlöndum þar sem þessi vandi hefur verið lengur til staðar og tileinkað sér vinnubrögð sem hafa reynst vel. Jafnframt eru tvö skólahverfi í Reykjavík að innleiða Heillaspor sem tilraunaverkefni en það verkefni byggir á áfallatengdri nálgun.

Auk framangreinds má nefna að árið 2024 voru gefnar úr leiðbeiningar um viðbrögð í kjölfar ofbeldis gegn starfsfólki. Leiðbeiningarnar innihalda m.a. skilgreiningar á starfsumhverfi, ofbeldi, sambandi geranda við Reykjavíkurborg og tegundum atvika eftir alvarleika sem og leiðbeiningar um viðbrögð við atvikum og hvernig skuli haga skráningu á þeim. Þá má nefna að unnið er að leiðbeiningum um líkamleg inngríp vegna hættulegrar hegðunar nemenda. Þær leiðbeiningar munu fyrst taka gildi innan grunnskóla en unnið er að aðlögun þeirra vegna leikskóla og frístundastarfs.

Á menningarnótt í ágúst síðastliðnum kom upp alvarlegt ofbeldismál sem leiddi til dauða barns. Í framhaldi af því var fyrirkomulag hátíðarinnar endurskoðað og [gerðar tillögur](#) að breytingum.

Betur má ef duga skal. Við stöndum frammi fyrir nýjum áskorunum og þurfum að leita nýrra leiða. Við viljum gera það með samtali og samstarfi við börn og unglunga sem og foreldra þeirra. Mikilvægi samstarfs ólíkra fagaðila er augljóst og það þurfa allir að vera samstíga í því að vinna gegn agaleysi og ofbeldi sem fólk er að upplifa í skóla- og frístundastarfi. Við þurfum að vinna saman að því að auka virðingu meðal barna og foreldra í garð skóla- og frístundastarfs, efla tengsl foreldra og barna, ná meiri ró og umhyggju í samfélagið og við þurfum öll að þora að setja börnunum mörk, með hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

